



Rannsóknasetur
verslunarinnar

Háskólinn á Bifröst

Jólaverslun 2007

og jólagjöfin í ár

Skýrsluna unnu: Emil B. Karlsson og Kári Joensen, Rannsóknasetri verslunarinnar
Skoðanakönnun: Miðlun ehf.
SVP-Samtök verslunar og þjónustu styrktu gerð skoðanakönnunarinnar
Hönnun kápu: Auglýsingastofan Einn tveir og þrír
Nóvember 2007

Þeir sem nota efni úr skýrslunni eru góðfúslega beðnir um að geta heimilda.

Efnisyfirlit

1. Blómleg jólaverslun	4
2. Jólaverslun eftir tegundum	7
Hvenær byrjar þú á jólainnkaupum fyrir jólin?	8
Hvað eyðir þú hárrí upphæð að meðaltali í jólagjafir?.....	9
Hvar framkvæmir þú jólainnkaupin.....	9
4. Jólögjöfin í ár.....	10
5. Jólaverslun á Norðurlöndum	12
Jólaverslun í Danmörku	13
Jólaverslun í Finnlandi	13
Jólaverslun í Svíþjóð	14
Jólaverslun í Noregi	15
6. Reglur um skilarétt	16

Spáð í jólaverslunina

Það er alltaf erfitt að spá, og sérstaklega um framtíðina, eins og kunnugt er. Í aðdraganda jólanna er samt fátt eins vinsælt og spá og spekúlera. Það er hluti jólaundirbúningsins þeirra sem yngri eru að spá um hvaða jólagjafir þeir fá, hinir sem eldri eru eiga völinu og kvölinu um hvaða verslunarhillu skuli valið úr. Þá eru það stjórnendur verslana og þjónustufyrirtækja sem velta því fyrir sér hvað muni vera vinsælast meðal neytenda fyrir þessi jólin. Rannsóknasetur verslunarinnar setur sig einnig í spámannsstellingar um jólaverslunina með því að áætla umfang jólaverslunarinnar og spá því hver verður „jólagjöfin í ár“. Við alla þessa spádóma sannast boðskapur jólakvæðisins: *vandi er um slíkt að spá, en eitt er víst að alltaf verður ákaflega gaman þá.*

Hér er birt áætlun um vöxt jólaverslunarinnar fyrir þessi jól og þarf ekki að koma á óvart að gert er ráð fyrir töluverðum vexti frá síðasta ári, sé horft til mikils vaxtar í einkaneyslu að undanfögnu. Líkt og á síðasta ári eru hér einnig birtar niðurstöður úr viðhorfsskönnun sem gerð var meðal almennings þar sem spurt var hversu miklu fólk verði til jólagjafakaupa og hvernig jólainnkaupunum er háttað. Þessi könnun var styrkt af SVÞ-Samtökum verslunar og þjónustu. Þá er hér tilkynnt um valið á „jólagjöfinni í ár“ að mati sérskipaðrar dómnefndar sem í voru valinkunnir einstaklingar með mikla næmni fyrir stefnum og straumum í þessum efnum. Valið var úr um 60 hugmyndum að jólagjöfum sem aðallega bárust frá nemendum Háskólans á Bifröst.

Að þessu sinni er spá um jólaverslunina gefin út í samstarfi við aðila á hinum Norðurlöndunum. Handelns utredningsinstitut (HUI) í Svíþjóð hefur safnað saman upplýsingum og spám frá sérfræðingum á öllum Norðurlöndunum og hér er samantekt á þeim niðurstöðum. Forvitnilegt er að bera saman verslun í þessum löndum og hvernig neytendur haga jólainnkaupum sínum. Samanburðurinn sýnir til dæmis að Norðmenn og Íslendingar verja mun hærrí upphæðum til jólainnkaupa en íbúar hinna Norðurlandanna og ræður verðlag þar sjálfsagt að einhverju leyti. Samdóma álit þeirra sem HUI leitaði til er hins vegar að nýju meti verði náð í jólaverslun á öllum Norðurlöndunum og Ísland er þar fremst meðal jafningja.

Emil B. Karlsson,


forstöðumaður Rannsóknaseturs verslunarinnar

1. Blómleg jólaverslun

Þegar talað er um blómlega verslun þá jafngildir það venjulega góðu efnahags- og atvinnuástandi. Verslun í landinu er sannarlega blómleg um þessar mundir. Nýjar og glæsilegar verslanir rísa hvarvetna í stærstu þéttbýlisstöðum landsins, helstu verslunarkjarnarnar stækka og laða til sín fleiri viðskiptavini, vöruúrval eykst og þjónustan verður fjölbreytilegri.

Verslun hefur dafnað á undanförunum árum í takt við aukinn kaupmátt og aukna neyslu. Þá hefur verðbólga farið minnkandi og væntingar almennings og fyrirtækja auka enn á bjartsýni um áframhaldandi hagvöxt, þó líklega dragi eitthvað úr vextinum á næstunni. Einkaneysla jókst um 5% frá 4. ársfjórðungi 2006 til 2. ársfjórðungs 2007 samkvæmt mælingu Hagstofu Íslands og kreditkortavelta heimilanna var 18% meiri fyrstu átta mánuði ársins miðað við sama tímabil í fyrra. Á hinn bóginn má ætla að dragi smán saman úr þeirri þenslu sem verið hefur í efnahagslífinu nú þegar miklum verklegum framkvæmdum er lokið og vextir fara hækkandi. Fjármálaráðuneytið spáir því að einkaneysla dragist saman á næstunni og minnki úr því að vaxa um 4,4% árið 2006 í það að dragast saman um 1% árið 2008.

Mynd 1. 1 Árleg aukning í jólaverslun frá árinu 2002 og spá um vöxt í jólaverslun 2007




Myndin sýnir hlutfallslega (%) veltuaukningu í smásöluverslun á Íslandi í nóvember og desember á verðlagi hvers árs frá 2002 til 2006 og spá Rannsóknaseturs verslunarinnar um veltuaukningu 2007.

(Heimild: Hagstofa Íslands. Spáin fyrir 2007 er gerð af Rannsóknasetri verslunarinnar)

Í þessu ljósi er því spáð að jólaverslun slái enn eitt metið og veltan í smásöluverslun muni nema alls um 55,5 milljörðum kr. án virðisaukaskatts en var í fyrra 50,7 milljarðar kr. á verðlagi þess árs. Með virðisaukaskatti má gera ráð fyrir að veltan á hvern landsmann verði að meðaltali um 206 þús. kr. Með jólaverslun er átt við heildarveltu smásöluverslunar í nóvember og desember. Þá er því spáð að velta jólaverslunar umfram meðaltal ársins verði um 14 milljarðar kr. með virðisaukaskatti fyrir þessi jól, eða um 45.400 kr. á hvert mannsbarn í landinu.

Samkvæmt spá Rannsóknaseturs verslunarinnar eykst jólaverslunin fyrir þessi jól um 9,4% frá síðasta ári á breytilegu verðlagi, en með breytilegu verðlagi er miðað við þá krónutölu sem er í gangi hvert sinn sem mælt er óháð verðbreytingum. Gert er ráð fyrir að hækkunin á föstu verðlagi verði um 5,1%, en þá hefur veltan verið leiðrétt með því að taka tillit til verðbreytinga á árinu. Samkvæmt spánni er gert ráð fyrir að velta dagvöruverslunar aukist um 7,8% og sérvöru um 11,9% á breytilegu verðlagi.

Mynd 1.2 Árleg velta frá árinu 2001 og spá um vöxt í jólaverslun 2007 í þús. kr., án vsk.



Myndin sýnir veltu í þús. kr. í smásöluverslun á Íslandi í nóvember og desember á verðlagi hvers árs frá 2002 til 2006, án virðisaukaskatts og spá Rannsóknaseturs verslunarinnar um veltuaukningu 2007.

(Heimild: Hagstofa Íslands. Spáin fyrir 2007 er gerð af Rannsóknasetri verslunarinnar)

Þetta er vitaskuld spá með fjölmörgum óvissuþáttum. Hér er fyrst og fremst byggt á þróun veltu samkvæmt virðisaukaskattsuppgjöri í smásöluverslun fyrri hluta ársins auk þess sem tekið er tillit til greiðslukortaveltu, kaupmáttaraukningar almennings og annarra veigamikilla þátta sem taldir eru hafa áhrif á verslun. Þeir þættir sem hafa áhrif til lækkunar eru eftirtaldir:

- Nýleg hækkun vaxta.
- Spá fjármálaráðuneytis og fleiri greiningaraðila um minnkandi einkaneyslu
- Minnkandi veltuaukningu í dagvöru og nokkrum öðrum tegunda verslunar á haustmánuðum
- Færri nýskráningar bíla, sem gefur vísbendingu um minnkandi einkaneyslu.

Tafla 1.1 Áætluð velta í smásöluverslun í nóvember og desember 2007 með vsk.


	Velta (millj.kr.)	Þar af vegna jóna (millj.kr.)	Sala á hvern landsmann	Þar af vegna jóna
Smásala alls	64.994	14.218	206.000	45.000
– dagvörur	24.947	5.457	78.000	17.000
– sérvörur	40.047	8.760	128.000	28.000

Áætlun: Rannsóknasetur verslunarinnar

2. Jólaverslun eftir tegundum

Hér má sjá yfirlit yfir sölu nokkurra algengra vörutegunda í smásölu fyrir síðustu jóli. Meðfylgjandi tafla sýnir hve hátt hlutfall heildarveltu flokkanna er til komið vegna sölu í nóvember og desember 2006, þegar jólaundirbúningurinn var í algleymingi.

Mynd 2.1 Jólasala 2006 sem hlutfall af heildarsölu ársins



(Heimild: Hagstofa Íslands)

Verslun með heimilistæki og snyrtivörur eykst umtalsvert á þessum árstíma og það sama má segja um húsgögn og búsaðhöld en um fjórðungur veltu þeirra árið 2006 kom til í nóvember og desember. Þó sala á áfengi sé yfir meðallagi yfir hátíðirnar þá verður að hafa í huga að sala áfengis er einnig nokkuð yfir meðallagi á sumrin. Jólátíminn er því ekki jafn afgerandi þegar flokkarnir eru bornir saman þó sala áfengis aukist vissulega nokkuð.

Tafla 2.1 Jólasala árið 2006

	Sala í nóvember og desember	Heildarsala ársins	Jólasala sem hlutfall af heildarsölu
Áfengi	3474	17784	20%
Snyrtivörur	187	683	27%
Vefnaðarvörur	169	781	22%
Fataverslun	3165	13170	24%
Skór og leðurvörur	390	1649	24%
Heimilistæki	1598	5884	27%
Bækur og ritföng	1469	6322	23%
Blóm og gjafavörur	2819	11655	24%
Tölvur og reiðhjól	2864	13938	21%
Húsgögn	3149	12528	25%

3. Könnun á jólainnkaupum


Algengast er að hver fullorðinn einstaklingur kaupi jólagjafir fyrir 26-75 þús. kr. fyrir þessi jól samkvæmt skoðanakönnun sem Miðlun ehf. vann fyrir Rannsóknasetur verslunarinnar og SVÞ-Samtök verslunar og þjónustu dagana 26. október til 5. nóvember. Könnunin náði til 1.000 manna úrtaks fólks af öllu landinu á aldrinum 18-75 ára og fengust 678 svör, 53,5% svarenda voru konur og 46,5% voru karlar.

Meðal helstu niðurstaðna má nefna:

- Innkaupavenjur eru í föstum skorðum. Um 60% landsmanna gera jólainnkaupin í desember og um 40% byrja fyrr.
- Um þriðjungur landsmanna ver alls 26 – 50 þús. kr. til jólainnkaupa, 3,2% segjast eyða meiru en 150 þús. kr.
- Langflestir gera jólainnkaupin á Íslandi. Athyglisvert er að um 5% segjast gera jólainnkaup í gegnum netverslun að einhverju eða öllu leyti. Í fyrra var þetta hlutfall um 14%. Netverslun fer því minnkandi samkvæmt þessu.

Hvenær byrjar þú á jólainnkaupum fyrir jólin?

Flestir Íslendingar kaupa jólagjafirnar í desember og eru gjarnan byrjaðir fyrir miðjan mánuðinn. Talsverður hluti, eða um 41,1% byrjar þó enn fyrr að huga að gjöfunum og 11,3% aðspurðra segjast kaupa jólagjafir allt árið. Að sama skapi er þó




alltaf nokkur hópur sem bíður þar til eftir 20. desember og 2,2% segjast kaupa jólagjafirnar á Þorláksmessu.

Samanburður við síðasta ár:

Litlar breytingar eru á því hvenær fólk byrjar á jólainnkaupunum. Þó virðist sem jólaverslunin gæti dreifst á allan desembermánuð núna. Í fyrra voru mun fleiri sem sögðust myndu gera jólainnkaupin síðari hluta mánaðarins.

Hvað eyðir þú hárrí upphæð að meðaltali í jólagjafir?

Flestir áætla að eyða á bilinu 26-50 þús. kr. í jólagjafir í ár, eða rétt tæp 34%. Rúm 74% segjast búast við að eyða minna en 75 þús. kr. en 26% gerir ráð fyrir því að útgjöldin verði hærrí en það. Sér í lagi áætla 11,4% aðspurðra að




eyða meirí en 100 þús. kr. í gjafir þessí jólin. Munur á svörum kynjanna reyndist ekki marktækur ef frá er talinn hópurinn sem segist eyða 0-25 þús. kr. sem var að miklu leyti skipaður körlum.

Samanburður við síðasta ár:

Niðurstöður könnunarinnar að þessí sinni eru nánast eins og fyrir ári síðan. Líðlega þriðjungur kaupir jólagjafir fyrir 26 –50 þús. kr.

Hvar framkvæmir þú jólainnkaupin

Flestir Íslendingar, eða 70%, áetla sér að versla á Íslandi fyrir þessí jól. Um 26% landsmanna gera þó einnig hluta af innkaupunum erlendis eða á netinu. Tæp 5% segjast nota netverslanir að einhverju leyti fyrir jólin sem er umtalsvert minna en á hinum Norðurlöndunum þar sem hlutfallið var nálægt 30% í fyrra.



Samanburður við síðasta ár:

Landsmenn eru greinilega vanafastir í innkaupum fyrir jólin. Helsta breytingin er sú að um 5% fleiri segjast framkvæma jólainnkaupin að hluta til erlendis.

4. Jólagjöfin í ár

Að mati sérskipaðrar dómnefndar er „Jólagjöfin í ár“ GPS¹ staðsetningatæki. Við val á jólagjöfinni voru hafðar til hliðsjónar eftirtaldar forsendur sem gjöfin þyrfti að fullnægja:

- Vara sem er vinsæl meðal neytenda
- Vara sem er ný eða hefur vakið nýjan áhuga
- Vara sem selst vel
- Vara sem fellur vel að tíðarandanum



Það sem liggur að baki vali á „Jólagjöfinni í ár“ er að Íslendingar ferðast í auknum mæli bæði innanlands og til annarra landa. Þó svo að landakort og áttaviti séu enn í fullu gildi hafa landsmenn fært sér í nyt tæknina sem sameinar kosti þessa. GPS tæki verða sífellt auðveldari í notkun og notkunarmöguleikarnir verða sífellt fjölbreytilegri. Þannig er sífellt algengara að bíleigendur bæti GPS tæki við sem stjórn tæki í mælaborði í ökutækjum sínum til að auðvelda þeim að finna réttan áfangastað. Þá eru GPS tæki sífellt algengari sem hjálpartæki á ferðalögum erlendis jafnt á göngu sem við akstur. Þetta á ekki síst við um ferðalög til stórborga Evrópu og Ameríku.

Íslendingar ferðast sem aldrei fyrr um óbyggðir landsins, ýmist akandi eða gangandi. GPS staðsetningatæki eru ómissandi í slíkum tilvikum. Sama á við um veiðimenn hvort sem haldið er í skotveiði eða stangveiði. Enn einn hópur manna sem hefur tekið upp almenna notkun GPS tækja eru langhlauparar, sem hafa tækin um úlnið sér og fylgjast með hraða, vegalengd, brennslu o. fl. GPS tækið er fyrir hlaupara eins og mælaborð í bíl er fyrir ökumann. GPS tæki eru æ algengari í GSM sínum.

GPS tækin hafa ekki aðeins orðið einfaldari í notkun, heldur einnig orðið fullkomnari og ódýrari. Enda er svo komið að endursöluaðilar hér á landi hafa ekki undan við að panta nýjar birgðir. Slík er eftirspurnin.



¹ GPS er skammstöfun á enska heitinu Global Positioning System

Dómnefndina skipuðu:

- Eva Dögg Sigurgeirsdóttir, markaðsstjóri Smáralindar
- Halla Helgadóttir, teiknistofustjóri Fiton auglýsingastofu
- Óskar Björnsson, skrifstofustjóri SVP-Samtaka verslunar og þjónustu
- Sævar Kristinsson, framkvæmdastjóri Netspors ehf.
- Þuríður Hjartardóttir, framkvæmdastjóri Neytendasamtakanna



Dómnefnd: Óskar Björnsson, Halla Helgadóttir, Þuríður Hjartardóttir, Sævar Kristinsson og Eva Dögg Sigurgeirsdóttir

Gleðileg GPS-jól

5. Jólaverslun á Norðurlöndum

Útlit er fyrir rífandi gang í jólaverslun á öllum Norðurlöndunum. Mikill uppgangur hefur verið í hagkerfum landanna og hvarvetna ríkir bjartsýni um áframhaldandi hagvöxt á næstunni, en á næsta ári kólni hagkerfin töluvert eftir mikið þensluskeið. Hér er samantekt á spá sérfræðinga frá öllum Norðurlöndunum um jólaverslunina í hverju landi. Handelns utredningsinstitut (HUI) í Svíþjóð hafði umsjón með að safna saman þessum gögnum. **Áætlað er að meðaltalsvöxtur jólaverslunarinnar á Norðurlöndunum verði um 8% frá síðasta ári, að mati HUI.**

Tafla 5.1 Samanburður á spám um veltuaukningu jólaverslunar (desember) 2007 í hverju Norðurlandanna, í evrum

	Noregur	Svíþjóð	Finnland	Danmörk	Ísland
Velta (milljarðar EUR)	5,6	6,7	3,7	3,8	0,4
Velta á hvern íbúa m. vsk. (EUR)	1.188	732	704	703	1.381
Breyting frá desember 2006	7,5%	7,5%	7,5%	5,0%	9,4%

Heimild: Handelns utredningsinstitut (HUI)

Spáð er mismiklum vexti í jólaverslun milli Norðurlandanna, eða frá 5% til 9,4%. Gert er ráð fyrir mestum vexti í jólaverslun á Íslandi og minnstum í Danmörku. Þá er gert ráð fyrir því að hver Íslendingar verji mestu til jólainnkaupa og Norðmenn eru þar mjög nærri. Spáin byggir annars vegar á þróuninni undanfarið svo og væntingum. Ástæðan fyrir minni væntingum í Danmörku en hinum Norðurlöndunum er samdráttur á fasteignamarkaði sem gefa vísbendingar um minni einkaneyslu á næstunni.


Nokkuð mismunandi er hvaða vörutegundir gert er ráð fyrir að nái mestri veltuaukningu fyrir þessi jól á Norðurlöndunum. Hér á landi er gert ráð fyrir mestum vexti á húsgagna- og byggingavörumarkaði. Sú spá byggir á þeim mikla vexti sem hefur orðið í þessum tegundum verslana. Einnig er eðlilegt að ætla að töluverður vöxtur verði í leikfangaverslun fyrir þessi jól ef horft er til aukinnar samkeppni og fjölgunar leikfangaverslana. Svíar spá mestum vexti í leikfangaverslun, Finnar trúa því að veltan í rafmagnsvörverslunum vaxi mest, í Danmörku er talið að skóverslun eigi mesta vaxtamöguleika og í Noregi íþróttavörur. Sameiginlega hefur mestur vöxtur orðið í íþróttavörverslun og rafmagnsvörum á Norðurlöndum á undanförunum mánuðum og má gera ráð fyrir þessar tegundir verslun njóti töluverðra vinsælda fyrir þessi jól. Bókaverslun nýtur hins vegar ekki eins mikillar velgengni ef spár ganga eftir. Aðalástæðan er talin sú að fólk á Norðurlöndunum kaupir bækur í sífellt auknum mæli í gegnum netverslun.

Jólaverslun í Danmörku

Mikil bjartsýni ríkir í dönsku efnahagslífi. Atvinnuleysi hefur ekki verið minna í 30 ár og laun hafa aukist töluvert að undanfögnu. Efnahagur heimilanna er almennt góður vegna hækkandi launa og lækkun skatta. Hins vegar hefur orðið verðlækkun á fasteignamarkaði að undanfögnu sem gefur tilefni til að ætla að hagvöxturinn minnki eitthvað á næstunni.

Gert er ráð fyrir að jólaverslun í Danmörku verði 5% meiri fyrir þessi jól en í fyrra á breytilegu verðlagi. Áætlað er því að vöxturinn verði svipaður og undanfarin ár. Þannig er gert ráð fyrir að vöxturinn verði 6,5% í sérvöruverslun og 3,5% í dagvöruverslun.

Mynd 5. 1 Árleg aukning jólaverslunar í Danmörku frá árinu 2001 og spá um vöxt í jólaverslun 2007



(Heimild: Handelns utredningsinstitut (HUI))


Samkvæmt spánni er gert ráð fyrir því að hver Dani kaupir að jafnaði fyrir 62.000 ísl. kr. í desember. Þær verslanir sem gert er ráð fyrir að njóti mesta vaxtar fyrir þessi jól eru skóverslanir og þar á eftir skartgripaverslanir.

Jólaverslun í Finnlandi

Gert er ráð fyrir að hinn mikli hagvöxtur sem verið hefur í Finnlandi undanfarið fari minnkandi á komandi misserum samkvæmt hagfræðispám. Atvinnuleysi hefur ekki verið minna síðan 1992 og þjóðartekjur vaxið töluvert vegna aukins útflutnings á finnskum vörum. Einkaneysla hefur aukist og verslun hefur verur verið með miklum blóma. Verðbólga hefur þó látið á sér kræla að undanfögnu í kjölfar hækkandi vaxta á íbúðalán.

Spáð er að vöxtur í smásöluverslun nemi um 7,5% frá síðasta ári á breytilegu verðlagi. En það er mesti vöxtur frá árinu 1996. Gert er ráð fyrir því að sérvöruverslun vaxi um 9% og dagvöruverslun um 4,5%.

Mynd 5. 2 Árleg aukning jólaverslunar í Finnlandi frá árinu 2001 og spá um vöxt í jólaverslun 2007



(Heimild: Handelns utredningsinstitut (HUI))


Samkvæmt spánni er gert ráð fyrir að hver Finni versli að jafnaði fyrir 62.000 íslenskar kr. í desember. Gert er ráð fyrir því að mestur vöxtur verði í verslun með rafmagnsvörur fyrir þessi jól. Einnig er spáð mikilli aukningu í byggingavöruverslun og íþróttavörum frá síðasta ári.

Jólaverslun í Svíþjóð

Efnahagslíf í Svíþjóð hefur verið blómlegt að undanfögnu líkt og á hinum Norðurlöndunum og margt bendir til að þjóðin hafi náð hátindi hagvaxtarskeiðs sem ríkt hefur nokkur undangengin ár. Vextir fara hækkandi í Svíþjóð líkt og annars staðar á Norðurlöndunum sem veldur auknum útgjöldum heimilanna, aðallega vegna afborgana af húsnæðislánum.

Svíar spá því að velta í smásöluverslun í desember aukist um 7,5% frá síðasta ári á breytilegu verðlagi, eða sami vöxtur og var á síðasta ári. Gert er ráð fyrir því að sérvöruverslun vaxi um 9% og dagvöruverslun um 5,5%.

Mynd 5. 3 Árleg aukning jólaverslunar í Finnlandi frá árinu 2001 og spá um vöxt í jólaverslun 2007



(Heimild: Handelns utredningsinstitut (HUI))

Samkvæmt spá um jólaverslun í Svíþjóð er gert ráð fyrir að velta í smásöluverslun í desember nemi að jafnaði á hvern Svía um 64.400 ísl. krónum.

Jólaverslun í Noregi

Það þarf ekki að koma á óvart að Norðmenn spá áframhaldandi vexti í efnahagslífi sínu og gera ráð fyrir að það skili sér í aukinni veltu smásöluverslunar fyrir þessi jól. **Spáð er að vöxturinn í ár verði meiri en í fyrra og jólaverslunin verði 7,5% meiri um þessi jól en í fyrra.**

Samkvæmt spánni er gert ráð fyrir því að hver Norðmaður eyði að jafnaði 105 þús. ísl. kr. í desember og þar af til jólainnkaupa fyrir um 32 þús. ísl. kr. Þær verslanir sem gert er ráð fyrir að njóti mestra vinsælda fyrir þessi jól eru íþróttaverslanir, sérstaklega ef snjóar fyrir jólin.

6. Reglur um skilarétt

Viðskiptaráðuneytið lét árið 2000 gera verklagsreglur um skilarétt, gjafabréf og inneignarnótur. Verslunum er ekki skylt að hlíta reglunum heldur geta sett sér eigin reglur. Hér er útdráttur úr reglunum, en nánar má sjá þær á vef SVP – Samtaka verslunar og þjónustu (www.svth.is, veljið málaflokkar / skjalasafn / lög og reglugerðir) eða á vef viðskiptaráðuneytis (www.idnadarraduneyti.is/afgreidsla/almennt/nr/1344).

1. Skilaréttur

Seljandi sem ákveðið hefur að veita neytendum skilarétt á ógallaðri vöru skal á starfsstöð sinni, svo og við sölu og afhendingu á vöru gefa skriflega og á aðgengilegan hátt upplýsingar um þann skilarétt.

2. Skilafrestur

Í neytendakaupum er heimilt að skila vöru innan a.m.k. 14 daga frá því að hún er afhent, enda sé kassakvittun eða sambærilegri sönnun framvísað. Ákvæði þetta takmarkar þó aldrei betri rétt sem neytendur kunna að eiga samkvæmt lögum eða samningi við seljanda.

3. Gjafamerki

Gjafir skal vera hægt að fá merktar með gjafamerki og þá sé ekki þörf á að framvísa kassakvittun þegar vöru er skilað. Jólágjafamerki skulu miðast við að varan sé afhent 24. desember.

4. Verð

Við skil vöru skal miðað við upprunalegt kaupverð vörunnar, sbr. þó 8. gr.

5. Inneignarnótur

Verði ekki samið um endurgreiðslu eða nýja vöru í stað þeirrar sem skilað er á neytandi rétt á inneignarnótu. Með inneignarnótu er átt við heimild til úttektar ótilgreindrar vöru fyrir tiltekna fjárhæð. Gildistími inneignarnótu gagnvart seljanda og þeim sem hann kann að framselja verslunarrekstur sinn til er fjögur ár nema annað sé tekið fram á inneignarnótunni, þó aldrei skemmri en eitt ár.

6. Gjafabréf

Gjafabréf sem seljandi gefur út skulu dagsett og halda gildi sínu gagnvart seljendum í fjögur ár frá útgáfudegi, svo og gagnvart þeim er hann kann að framselja verslunarrekstur sinn til.

7. Útsölur

Skilaréttur gildir ekki um vöru sem keypt er á útsölu nema um annað sé sérstaklega samið.

8. Skil vöru á útsölu

Sé vara keypt innan 14 daga fyrir upphaf útsölu skal við skil hennar eftir að útsala hefst miðað við verð vörunnar á útsölunni nema seljandi samþykki aðra verðviðmiðun. Neytandi á þó ávallt rétt á inneignarnótu og skal þá miðað við upprunalegt kaupverð vörunnar.

9. Notkun inneignarnótu á útsölu

Inneignarnótu sem gefin hefur verið út innan 14 daga fyrir útsölu eða meðan útsala stendur er ekki heimilt að nota á útsölunni nema með samþykki seljanda.

10. Skilaréttarmerkið

Til viðbótar við upplýsingagjöf seljenda um skilarétt til neytenda skv. 1. gr. eru seljendur sem beita þessum lágmarksreglum hvattir til að gefa neytendum til kynna rétt sinn með einföldu og skýru merki í versluninni, auglýsingum eða á annan hátt.